

Ríkissáttasemjari
07 302

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ríkissáttasemjari

kt. 540676-0709

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissáttasemjari er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk stofnunarinnar er að annast sáttastörf í vinnudeilum, fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði og halda skrá yfir gildandi kjarasamninga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 182,3 milljónir og afkoma kr. -15,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 47,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissáttasemjara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissáttasemjara fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Aðalsteinn Leifsson,
ríkissáttasemjari

(Undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	161.200.000	171.200.000
Seld þjónusta	3	6.270.000	0
Framlög og ýmsar tekjur	4	10.967.040	11.518.400
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.876.568	2.984.910
Tekjur samtals		<u>182.313.608</u>	<u>185.703.310</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	87.872.465	79.417.806
Annar rekstrarkostnaður	6	105.852.461	68.835.341
Afskriftir	7	3.876.568	2.984.910
Gjöld samtals		<u>197.601.494</u>	<u>151.238.057</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(15.287.886)	34.465.253
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(52.636)</u>	<u>(30.838)</u>
		(52.636)	(30.838)
Afkoma ársins		<u><u>(15.340.522)</u></u>	<u><u>34.434.415</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		21.160.595	18.997.505
Aðrar eignir		2.800.000	2.800.000
Fastafjármunir samtals		<u>23.960.595</u>	<u>21.797.505</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		4.845.000	0
Tengdir aðilar	9	17.457.842	40.198.100
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.030.287	0
Veltufjármunir samtals		<u>23.333.129</u>	<u>40.198.100</u>
Eignir samtals		<u>47.293.724</u>	<u>61.995.605</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		3.799.478	46.604.415
Eigið fé samtals		<u>3.799.478</u>	<u>46.604.415</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	79.800	0
Viðskiptaskuldir		2.993.739	4.468.071
Ýmsar skammtímaskuldir	11	9.063.770	7.246.000
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	31.356.937	3.677.119
Skuldir samtals		<u>43.494.246</u>	<u>15.391.190</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>47.293.724</u>	<u>61.995.605</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(15.340.522)	34.434.415
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.876.568	2.984.910
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.876.568)	(2.984.910)
		<u>(15.340.522)</u>	<u>34.434.415</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(5.875.287)	534.059
Tengdir aðilar		20.872.371	(30.072.898)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		343.438	(4.895.576)
		<u>15.340.522</u>	<u>(34.434.415)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(6.039.658)	(5.901.193)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		336.000	0
		<u>(5.703.658)</u>	<u>(5.901.193)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	4.301.193
Fjárfestingarframlag		5.703.658	1.600.000
		<u>5.703.658</u>	<u>5.901.193</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	161.200.000	171.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.876.568	2.984.910
	<u>165.076.568</u>	<u>174.184.910</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	171.300.000	0	0	171.300.000
Fjáraukalög	(11.500.000)	0	0	(11.500.000)
Millifært úr varasjóð	1.400.000	0	0	1.400.000
Fjárveiting til tekna	161.200.000	0	0	161.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(176.540.522)	0	0	(176.540.522)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(15.340.522)	0	0	(15.340.522)

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Fræðslustarfsemi og fundir	6.270.000	0
	<u>6.270.000</u>	<u>0</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	10.967.040	11.518.400
	<u>10.967.040</u>	<u>11.518.400</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	70.119.561	65.369.296
Orlof, breyting	2.209.414	(1.105.775)
Launatengd gjöld	14.941.359	14.544.433
Starfsmannakostnaður	602.131	609.852
	<u>87.872.465</u>	<u>79.417.806</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	3,9	3,5
------------------------------	-----	-----

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.318.845	375.016
Byggingarvörur, almennar	341.889	0
Ýmis tæki og áhöld	848.854	928.695
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	7.650
Orkugjafar	1.148.851	1.167.307
Matvæli	3.561.597	4.223.563
Almennar rekstrarvörur	844.548	803.624
Vörukaup, almenn	8.064.584	7.505.855
Kennslu- og föndurvörur	10.000	0
Ýmsar sérgreindar vörur	245.466	9.702
Vörukaup, sérgreind	255.466	9.702

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	700.081	192.359
Ferðir, uppihald	1.346.816	486.312
Akstur	339.337	752.951
Sérfræðiþjónusta	5.345.216	16.864.760
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	15.452	13.418
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.293.259	247.916
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	419.780	107.211
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	9.459.941	18.664.927
Afnotagjöld	2.389.282	2.778.179
Leigugjöld	37.057.179	35.287.796
Notkun véla og flutningatækja	714.151	125.300
Verkkaup	43.176.317	252.485
Kostnaðarhlutdeild	4.218.405	4.211.097
Opinber gjöld	517.136	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	88.072.470	42.654.857
Annar rekstrarkostnaður samtals	105.852.461	68.835.341

7 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður	3.876.568	2.984.910
	3.876.568	2.984.910

31.12.2021 **31.12.2020**

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	21.160.595	18.997.505
Aðrar eignir	2.800.000	2.800.000
	23.960.595	21.797.505

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	29.725.265	2.800.000	32.525.265
Viðbætur á árinu	6.039.658	0	6.039.658
	35.764.923	2.800.000	38.564.923
Afskriftir 01.01.2021	10.727.760	0	10.727.760
Afskrift ársins	3.876.568	0	3.876.568
	14.604.328	0	14.604.328
Staða 31.12.2021	21.160.595	2.800.000	23.960.595

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	17.172.842	40.198.100
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	285.000	0
	<u>17.457.842</u>	<u>40.198.100</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	79.800	0
	<u>79.800</u>	<u>0</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	46.604.415	18.578.097
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(27.464.415)	(6.408.097)
Afkoma ársins	(15.340.522)	34.434.415
Jöfnuður 31.12.	<u>3.799.478</u>	<u>46.604.415</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	9.063.770	6.854.356
Önnur ógreidd gjöld	0	391.644
	<u>9.063.770</u>	<u>7.246.000</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	23.960.595	21.797.505
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	7.396.342	(18.120.386)
	<u>31.356.937</u>	<u>3.677.119</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga, (frh.)

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	21.797.505	(18.120.386)	3.677.119
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	18.120.386	18.120.386
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	13.100.000	13.100.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	336.000	336.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.039.658	(6.039.658)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.876.568)	0	(3.876.568)
	<u>23.960.595</u>	<u>7.396.342</u>	<u>31.356.937</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 38,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.